

Chmelir̃r gegn Tékklandi

Dómur frá 7. júní 2005

Mál nr. 64935/01

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Hæfi dómara í refsímáli.

1. Málsatvik

Kærandi, Martin Chmelir̃r, er tékkneskur ríkisborgari, fæddur árið 1973. Þann 12. febrúar 1998 var hann handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Þann 3. mars 1998 var hann ásamt tveimur meðákærðum sakfelldur fyrir ýmis brot, þar á meðal rán og ólöglegan vopnaburð. Hann var dæmdur í átta ára fangelsi. Kærandi áfrýjaði málinu. Í desember 1999 óskaði kærandi eftir því að M.V., forseti dómsins, viki sæti þar sem hann hefði áður átt í nánú sambandi við dómara. Þann 15. febrúar 2000 sektaði M.V. kæranda um fjárhæð sem nemur 1.674 evrum þar sem hann hefði móðgað réttinn með ósönnum ásökunum sem væru ósvífin árá á M.V. og ætlaðar til að teyja gang málsins.

Í millitíðinni, þann 7. febrúar 2000, höfðaði kærandi einkamál á hendur M.V. fyrir brot gegn persónu hans en krafan náði ekki fram að ganga. Annarri kröfu um að M.V. viki sæti var einnig hafnað á þeim grundvelli að hún fæli í sér töf og nýja árá á mannorð dómars.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að réttindi sín skv. 1. mgr. 6. gr. hefðu verið brotin þar sem hlutleysi þeirra dómara sem fóru með mál hans á áfrýjunarstigi hefði ekki verið tryggt.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn benti á að þegar kærandi höfðaði málið á hendur M.V. sat M.V. sem dómsformaður í refsímáli gegn honum. Voru málin til meðferðar samtímis í dómskerfinu í meira en sjö mánuði. Af þeirri ástæðu væri ekki hægt að útiloka að kærandi hefði ástæðu til að óttast að M.V. liti á sig sem andstæðing. Ótti kæranda jókst við ákvörðun M.V. um að sekta hann. Dómstóllinn féllst á að innlendir dómstólar hefðu rétt til að beita málsaðila agaviðurlögum. Í þessu máli taldi dómstóllinn hins vegar að það hefði ekki verið hegðun kæranda sem gaf tilefni til sektarinnar heldur það að hann móðgaði dóminn. Þó svo að sú móðgun hefði stafað af árá á dómsforsetann var hegðun kæranda metin af þessum sama dómara út frá hans eigin persónulegu afstöðu þar sem honum fannst hann sérstaklega gerður að skotmarki og móðgaður. Því var talið að hans eigin skynjun, mat á staðreyndum og dómgreind hefði komið til þegar úrskurðað var um hvort dómurinn hefði verið móðgaður í þessu tilviki. Dómstóllinn tók einnig tillit til þess hversu þung refsing var lögð á kæranda, en hann fékk hámarkssekt og var varaður við því að litið yrði á frekari árásir af sama meiði sem lögbrot. Dómstóllinn taldi þessi atriði lýsa sterkum viðbrögðum dómars við hegðun kæranda.

Undir þessum kringumstæðum taldi dómstóllinn að ótti kæranda um að M.V. væri ekki óvilhallur hefði verið á rökum reistur. Dómurinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að réttindi kæranda skv. 1. mgr. 6. gr. hefðu verið brotin.

Talið var niðurstaða dómsins fæli í sér nægilegar miskabætur til kæranda en honum voru einnig dæmdar 1.000 evrur fyrir málskostnaði á grundvelli 41. gr. (Dómurinn er aðeins til á frönsku.)